

Alþingi
Erindi nr. P 140/1531
komudagur 14.3.2012



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dagsetning. 14. mars 2012

Umsögn

Fæðingar- og foreldraorlof

109. mál lagafrumvarp 140. löggjafarþingi.

Vísað er erindis nefndarsviðs Alþingis þar sem leitað er eftir umsögn Félags um foreldrajafrétti við ofangreindu frumvarpi.

Forsaga

Umsögn þessi þarfnast forsögu þar sem málið snýr að áður lögfestum brotum gegn réttindum barns. Árið 1995 kemur fram í bókinni „Barnaréttur“ að Barnasáttmálinn muni ekki hafa mikil áhrif á íslenska löggjöf enda hafi Ísland nú þegar uppfyllt að mestu ákvæði sátt-málans (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Þetta er skrifað þegar sáttmálinn er að-eins sex ára gamall en þrátt fyrir þá skoðun sem þarna kemur fram hefur sátt-mál-inn ekki öðlast lagalegt gildi á Íslandi nú þegar sáttmálin er 21 árs. Hvað er það sem veldur því að íslensk stjórnvöld treysta sér ekki til að lögfesta þennan svo sjálfsgæða sáttmála um grunnréttindi barnsins? Höfum við kannski ekki skoðað íslenska löggjöf nægilega gagnrýnið til að geta sagt að við uppfylfum Barna-sátt-málann?

Enga eina skilgreiningu er að finna á hugtakinu barn en Barnasáttmálinn og jafn-framt íslensk lög miða við að barnæskan nái til 18 ára aldurs (Umboðsmaður barna, 2008). En hvenær þarf barn að byrja að njóta verndar? Nýlega hafa verið gerðar breytingar á lögum um tæknifrjövgun og notkun kyn-frumna og fósturvísu manna til stofnfrumurannsóknna nr. 55/1996 þar sem ein-hleyp-um konum var gefin heimild til að nota gjafasæði. Fram kemur í lögnum að heimild til að nota gjafakynfrumur við tæknifrjövgun er bundin við skerta frjósemi, alvar-lega erfðasjúkdóma eða aðrar læknisfræðilegar ástæður sem mæla með notkun gjafakynfrumna. Undantekning frá þessum skilyrðum eru einhleypar konur og konur sem búa með konum. Þessar konur hafa alltaf heimild til að nota nafn-laust gjafasæði án skilyrða (Alþingi, 2007-2008; Lög um tæknifrjövgun og notkun kyn-frumna og fósturvísu til manna til stofnfrumurannsóknna nr. 55/1996).

Nánast engin umræða var um þessa breytingu á Alþingi og aðeins eina athugasemd er að finna í innsent efni um málið. Athugasemdin kom frá félaginu Tilvera sem furðaði sig á hve miklir peningar liggja á lausu í ríkissjóði til að standa straum af framfærslu allra þessara föðurlausu barna. Ekki er að finna neinar athuga-semdir eða umsagnir um rétt barnsins til að þekkja uppruna sinn þrátt fyrir að 7. gr. Barnasáttmálans kveði skýrt á um rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og jafnframt að njóta umönnunar þeirra eins og kostur er. Nafnleynd kyn-frumu-gjafans kemur í veg fyrir að réttur barns til að þekkja uppruna sinn sé virtur. Ekki er að sjá á vef Alþingis að Umboðsmaður barna hafi skilað inn umsögn varð-andi þessa galopnu leið til tæknifrjövgunar með nafnlausu sæði til einhleypa kvenna. Hins vegar þá skilaði fyrrverandi Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, inn umsögn um setningu þessara sömu laga árið 1995 þar sem klárlega kemur í ljós hennar viðhorf til þessa brots á réttindum barnsins (Alþingi, 2007-2008; Um-boðs-mað-ur barna, 1995; Umboðsmaður Barna, 2008).

Þórhildur bendir á að ættleidd börn og kyn- og kjörforeldrar þeirra hafa alltaf óheftan aðgang að upplýsingum

og gögnum varðandi ættleiðinguna. Hún bendir á 15. gr. stjórnáskýlulaga þar sem þessi réttur kemur skýrt fram að aðili máls á rétt á að kynna sér skjöl og önnur gögn varðandi hans mál. Þórhildur telur að barn sem getið er með gjafakynfrumu eigi að hafa sama rétt á að vita um uppruna sinn og þekkja foreldra sína og ættleidd börn og börn sem tekin eru í fóstur. Hún telur annað brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár Íslands og 1. mgr. 2. gr. Barna-sátt-málans. Í álitum fyrirverandi Umboðsmanns barna kemur fram að til að tryggja sem best velferð barns til framtíðar verði að tryggja barni í lögum ótvíræðan rétt til að fá að vita hver raunverulegur uppruni þess er. Hún segir nauðsynlegt að sú skylda hvíli á foreldrum að upplýsa börn sín um uppruna sinn því réttur barns til að þekkja uppruna sinn og hverjir eru líffræðilegir foreldrar þess, faðir og móðir, eigi ávalt að ganga framár rétti foreldra til að leynd slíkum upplýsingum. Umboðsmaður barna krafðist þess að nafnleynd kynfrumugjafa yrði felld úr gildi svo réttur barns til að vita uppruna sinn yrði virtur (Umboðsmaður barna, 2008).

Enn hefur ekki verið brugðist við kröfu fyrirverandi Umboðsmanns barna núna 15 árum síðar og engu líkara er en að þegjandi samkomulag sé um að hafa ekki hátt um slík brot gegn réttindum barna. Til að mynda þá fékk núverandi Umboðsmaður barna fyrirspurn í opnu bréfi í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. apríl 2008 þar sem spurt er um rétt barna sem getin er með gjafakynfrumu til þess að fá upplýsingar um uppruna sinn. Umboðsmaður barna velur þá leið að svara ekki í Morgunblaðinu heldur svarar í bréfi til spyrjanda og biður spyrjandann að spyrja símeiðis eða með því að mæta á skrifstofu embættisins hafi hún frekari spurningar. Svar Um-boðs-manns barna er hægt að finna á heimasíðu embættisins. Þrátt fyrir að núverandi Um-boðs-maður barna hafi fulla vitneskju um stórauknar heimildir til gjafa á nafn-laus-um kynfrumum og þrátt fyrir að hún lýsi sig sammála fyrri Umboðsmanni barna um rétt barns til að þekkja uppruna sinn, þá hefur embættið ekki skilað inn um-sögn til nefnda Alþingis varðandi viðeigandi frumvörp. (Alþingi, 2007-2008; Lög um tækni-frjóvgun; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992; Um-boðsmaður barna, e.d.).

Oft þegar fjallað er um Barnasáttmálann þá er lögð mest áhersla á fjórar grundvallar-reglur sáttmálans sem eru 2. gr. jafnræðisreglan, 3. gr. það sem barninu er fyrir bestu, 6. réttur til lífs og þroska og 12. gr. réttur barns til tjáningar. Barna-verndar-stofa nefnir „hin þrjú V“ sem Barnasáttmállinn fjallar um, að vernda, að vera með og að veita. Flokkar sem taka til verndar gegn vanrækslu og ofbeldi, réttindi til þátt-töku og réttindi til að njóta vissra lífsgæða eins og menntun og heil-brigðis-þjónustu (Barna-verndar-stofa, 2009). Barnasáttmállinn inniheldur hins vegar 54 efnisgreinar og ítarlegan inngang. Lágmarksréttindum barna er komið fyrir í 41 efnisgrein. Þar af eru fjölskyldumálefni í 11 grein-um og borgaraleg réttindi í átta efnisgreinum (Þór-hildur Línadal, 2007).

Faðerni

1. gr íslenskra barnalaga segir að barn eigi rétt á því að þekkja báða foreldra sína og er sú grein í anda 7. gr. barnasáttmálans sem kveður á um rétt barns til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Í kjölfar máls 419/2000 í Hæstarétti Íslands var karlmönnum í fyrsta sinn á Íslandi heimilt að höfða faðernismál, það því gefnu reyndar að barn væri þá ófeðrað. Dómurinn hins vegar talar skýrt um hagsmuni barns af því að vera réttilega feðrað.

Úr dómi Hæstaréttar (breytingar á lettri til áherslu):“Til þess ber og að líta að mikilvægir þjóðfélagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að faðerni barna sé í ljós leitt og ákvarðað. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga **rika hagsmuni barnsins sjálfs af því að það sé réttilega feðrað**. Nægir þar að nefna rétt barns til að njóta umgengni við foreldra sína og umsjár þeirra, auk fjárhagslegra hagsmuna sem þessu eru tengdir. Í almennum athugasemdum, sem fylgdu VII. og VIII. kafla í frumvarpi til barnalaga, kemur fram að ætlunin með faðernismálum sé að **leita sannleikans um það, hver sé faðir barns**. Hér sé það ekki síst **hagur og heill barnsins sem í húfi er**. Réttarfarsreglum verði að haga svo, að þær þjóni þeim tilgangi sem stefnt er að um könnun á faðerni barns.”

Feðraorlof

Félagið telur eðlilegt að gerðar verði breytingar heitum í lögum um foreldra- og fæðingarorlof til samræmis við það sem notað er erlendis enda hefur tilgangur fæðingarorlofs breyst og er ekki lengur aðeins til þess að móðir jafni sig eftir fæðingu barns. Þannig eiga þeir mánuðir sem tilheyra föður að heita feðraorlof (e. paternity leave), þeir mánuðir sem tilheyra móður að heita mæðraorlof (e. maternity leave) og þeir mánuðir sem eru sameiginlegir að heita foreldraorlof (e. parental leave). Foreldra- og fæðingarorlof er mjög langt frá því að vera lýsandi fyrir það sem það stendur fyrir. Munurinn á foreldraorlofi og fæðingarorlofi er að foreldraorlof er ógreitt orlof en fæðingarorlof er greitt orlof. Eðlilegt væri hreinlega að tala um greitt orlof og ógreitt orlof með þeim forskeytum sem við á eins og gert er í Evrópu.

Feðraorlof komst á fyrir tilstuðlan kvenréttindahreyfinga og aðal tilgangur feðraorlofs var að gera feður meira ábyrga gagnvart umönnun barna og þar með báða foreldra í jafnari stöðu gagnvart vinnumarkaði. Á þeim þremur árum sem feður voru að fá rétt til töku (fæðingarorlofs) kom fram sterkar vísbendingar til dæmis í könnun VR á launamun kynjanna að (fæðingarorlof) sem bundið er við föður hefur jákvæð áhrif á minni launamun kynjanna (VR, e.d.). Hugsanlega mætti minnka launabilið enn meira með því að skipta orlofinu alveg til helminga á milli föður og móður.

Norrænt vörumerki

“Norðurlöndin ættu að vekja á sér athygli erlendis fyrir feðraorlofið. Eyrnamerkt feðraorlof er besta leiðin til þess að fá karlmenn til að vera með nýfæddum börnum sínum, og slíkt eykur bæði jafnréttið og samkeppnishæfnina. Þetta sagði finnski jafnréttisráðherrann á fundi með kollegum sínum nýverið” (Kvennasögusafn Íslands, 2007).

Framsal

Árið 2008 voru gerðar breytingar á rétti til framsals á fæðingarorlofi og/eða fæðingarstyrk í þeim tilfellum þegar annað foreldrið er ófært um að sinna barni fyrstu 18 mánuði þess svo sem vegna sjúkdóms, afleiðinga slyss eða fangelsisvistar (Þingskjal 631). Löggjafinn staðfestir þar að mjög ríkar ástæður þurfi að liggja til grundvallar því að réttur til töku færist frá einu foreldri yfir á annað.

Félag um foreldrajafrétti leggur áherslu á að áfram verði ströng skilyrði fyrir flutningi þessa réttar.

Félagið telur jafnframt að löggjafinn eigi ekki að hvetja konur til þess að eignast börn án aðstoðar annars foreldris. Sérréttindi til kvenna sem kjósa föðurlaus börn til fæðingarorlofs getur vissulega verið slík hvatning.

fyrir hönd stjórnar Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson
formaður

Heimildaskrá

Alþingi. (2007-2008). *Ferill máls 620: Tæknifrjógung (heimild einhleypra kvenna o.fl.)*. Sótt 12. mars 2012 af <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=620>

Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Kvennasögusafn Íslands. (2007). *Feðraorlof - norrænt vörumerki*. Sótt 12. mars 2012 af <http://kvennasogusafn.is/index.php?mact=News,cntnt01,detail,0&cntnt01articleid=83&cntnt01returnid=15>

Lög um tæknifrjógung og notkun kynfrumna og fósturvísna manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Sótt 12. mars 2012 af <http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>

Umboðsmaður barna. (1995). *Umsagnir til Alþingis og stjórnvalda: Frumvarp til laga um tæknifrjógung*. Sótt 12. mars 2012 af http://barn.is/adalsida/umsagnir_til_althingis_og_stjornvalda/umsagnir_1995/?ew_news_onlyarea=&ew_news_onlyposition=3&cat_id=60672&ew_3_a_id=176278

Umboðsmaður barna. (2008). *Réttur barna sem getin eru með tæknifrjógung til upplýsinga um uppruna sinn*. Sótt 12. mars 2012 af http://barn.is/adalsida/finna/adalsida_-_syna_meira/?ew_0_a_id=305308

VR. (e.d.). *Óbreytt ástand - fjórða árið í röð*. Sótt 12. mars 2012 af <http://www.vr.is/index.aspx?groupid=476500&tabid=1865>

Pingskjal 631. (2007-2008). Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000. *Alþingistíðindi A-deild*, Sótt 12. mars 2012 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/pdf/0631.pdf>

Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn: Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: UNICEF Ísland.